

Ferðaþjónustan Húsafelli ehf
Húsafelli 5
311 BORGARNESI

Reykjavík, 24.5.2017
Tilvísun: OS2017030079/50.4.4
Verknúmer: 1103000

Efni: Fylgibréf með virkjunarleyfi fyrir Urðarfellsvirkjun á Húsafelli

Með erindi leyfishafa, Ferðaþjónustunnar Húsafelli ehf. kt. 600390-41039, þann 28. mars 2017, er sótt um virkjunarleyfi fyrir virkjun Urðarfellsvirkjunar á Húsafelli, í samræmi við 1. mgr. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003, sbr. ákvæði 5. gr. fyrir allt að 1.150 kW vatnsaflsvirkjun, Urðarfellsvirkjun í landi Húsafells. Þar sem fyrirbyggjandi deiliskipulag hljóðar upp á allt að 1.000 kW virkjun miðar virkjunarleyfið við þau stærðarmörk

Með erindi leyfishafa liggur fyrir yfirlýsing eigenda Húsafells II og Húsafells III um nýtingu vatnsréttinda fyrir Urðarfellsvirkjun. Einnig liggur fyrir samningur milli Ferðaþjónustunnar á Húsafelli og eiganda Hraunáss um greiðslur til eigenda Hraunáss af árlegum brúttótekjum virkjunarinnar á meðan virkjunin er í rekstri, þar sem vatnsréttindi Hraunáss og Húsafells í Deildargili eru sameiginleg.

Fyrir liggur undirritaður tengisamningur milli virkjunaraðila Urðarfellsvirkjunar og RARIK, dagsettur 15. mars 2017 um tengingu virkjunarinnar við dreifikerfi RARIK.

Með vísan til 3. mgr. 34. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, var framangreind umsókn kynnt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu þar sem þeim aðilum er málið varðar var gefið færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingarinnar þann 12. apríl 2017, þ.e. fyrir þann 10. maí sl. Engar athugasemdir bárust Orkustofnun í kjölfar birtingar auglýsingarinnar.

Fyrir liggur deiliskipulag Borgarbyggðar, sem samþykkt hefur verið af Skipulagsstofnun, vegna nefndrar Urðarfellsvirkjunar, sem tók gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 3. mars 2016.

Orkustofnun hefur farið yfir þau gögn sem fylgdu umsókn leyfishafa um framangreint virkjunarleyfi. Orkustofnun telur að með þeim upplýsingum er þar koma fram hafi verið fullnægt ákvæðum 4. og 5. gr. raforkulaga auk ákvæða 4. og 5. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005.

Ef framkvæmd vatnsmiðlunar er liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skal, sbr. 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923, miðlunarleyfið talið hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög. Gert er ráð fyrir litlu inntakslóni þar sem sandur og grugg fellur til. Inntaksmannvirki er í vesturhlíð Urðarfells þar sem tryggt er að ná sem mestu af uppsprettuvatninu saman. Inntaksstíflan verður um 4 m á hæð úr steinsteypu með sameiginlegri yfirfallsrás og inntaksristum, til hliðar verður

jöfnunarþró og inntak pípu ásamt botnrás til að hafa möguleika á að tæma lónið og fallpípuna. Við báða enda steypumannvirkisins verða um 10 metra langir jarðvegsstífluvængir sem jafnframt verða notaði til að lágmarka stærð inntakslóns.

Að mati Orkustofnunar er gerð og lýsing stíflu fullnægjandi með vísan til 68. gr. vatnalaga sem kveður á um umsókn um vatnsmiðlun skuli fylgja gögn um undirlag, gerð og frágang fyrirhugaðrar stíflu. Ákvæðinu er fyrst og fremst ætlað að fyrirbyggja flóðahættu vegna mögulegs stíflurofs og auka þannig öryggi almennings og forða tjóni. Með því að farið sé yfir gögn um undirlag, gerð og frágang fyrirhugaðrar stíflu og staðfest sé að viðurkenndur fagaðili sjái um hönnun mannvirkja, er tryggt eins og kostur er af opinberri hálfu að slík hætta skapist ekki, enda getur Orkustofnun sett skilyrði fyrir framkvæmd, sbr. 4. mgr. 144. gr. vatnalaganna. Það er skilyrði leyfisins að ekki stafi hætta af stíflugerðinni og hún hönnuð af fagaðilum eins og henni er lýst í greinargerð með umsókn um virkjunarleyfið. Verkfræðistofan EFLA mun samkvæmt greinargerð með umsókn sjá um burðarþolshönnun stíflu og stöðvarhúss auk þess að hanna jarðfestur fyrir fallpípu þar sem þörf er fyrir þær.

Orkustofnun bendir á að umrædd framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar, sbr. 13. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 123/2010 og byggingarleyfi Borgarbyggðar, sbr. 9. gr. laga 160/2010 um mannvirki.

Það er einnig skilyrði leyfisins að stíflu og öðrum mannvirkjum við stíflu verði vel við haldið og öryggis gætt. Orkustofnun bendir á að niðurlagning mannvirkis samkvæmt VI. kafla vatnalaga, þ.m.t. stöðvun á viðhaldi, er háð samþykki Orkustofnunar sbr. 79. gr. vatnalaga. Við niðurlagningu skal umhverfið fært eins og kostur er til fyrra horfs.

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar, dags. 6. maí 2013, að Urðarfellsvirkjun í landi Húsafells í Borgarbyggð sé ekki líkleg til að hafa áhrif á umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Gjald fyrir veitingu virkjunarleyfis þessa er 110.000 kr. í samræmi við ákvæði 33. gr. raforkulaga. Virkjunarleyfið er afhent gegn greiðslu gjaldsins.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa sem fjallað er um í 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. sæta kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 37. gr. raforkulaga. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina nr. 130/2011.

Stjórnvaldsákvæðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála eða úrskurðarnefndar raforkumála sæta kærur til ráðherra, sbr. 3. mgr. 37. gr. raforkulaga. Kæra til ráðherra

skal vera skrifleg. Hún skal borin fram innan 30 daga frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.


Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra



Rakel Jensdóttir



Erla Björk Þorgeirsdóttir



Orkustofnun gerir kunnugt

Í samræmi við 4. og 5. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, auk ákvæða 4. og 5. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005 veitir Orkustofnun hér með Ferðapjónustunni Húsafelli ehf. kt. 660390-1039, hér eftir nefnd leyfishafi,

Virkjunarleyfi til að reisa og reka Urðarfellsvirkjun á Húsafelli

1. gr.

Almennt.

Leyfið tekur til nýtingar á vatnasviði Urðarfellsskvíslar og Deildargils til raforkuframleiðslu. Leyfið felur í sér heimild til handa leyfishafa að nýta vatnsafl með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í leyfi þessu og raforkulögum og reglugerð um framkvæmd raforkulaga.

2. gr.

Staðarmörk og stærð virkjunar.

Leyfið tekur til nýtingar vatnsorku á vatnasviði Urðarfellsskvíslar og Deildargils nokkru ofan við ármót Urðarfellsskvíslar og Deildargils, þar sem stífla virkjunarinnar verður staðsett. Leyfi þetta einskorðast við allt að ástimpluðu afli 1000 kW Urðarfellsvirkjun í samræmi við deiliskipulag Borgarbyggðar sbr. staðarmörk mannvirkja og inntakslóns í umsókn leyfishafa, og eru breytingar umfram þau mörk háð leyfi Orkustofnunar.

3. gr.

Skilyrði um framkvæmdir og tengisamning við dreifiveitu.

Leyfi þetta fellur úr gildi 10 árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur. Áður en að þessum tímamörkum kemur getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis til Orkustofnunar.

Fyrir liggur undirritaður tengisamningur milli virkjunaraðila og RARIK.



4. gr.

Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu.

Áður en framkvæmdir hefjast skal leyfishafi leggja fram hönnunargögn vegna mannvirkja og tækjabúnaðar sem tengjast virkjuninni. Hönnunargögnin skulu unnin eða yfirfarin af sérfræðingum sem hafa þekkingu og reynslu af hönnun virkjana.

5. gr.

Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og ráðstöfun mannvirkja og tækja.

Um vernd nýtingarsvæðis gilda m.a. raforkulög, lög um náttúruvernd, nr. 60/2013, einkum ákvæði IX. og X. kafla þeirra svo og önnur lög. Leyfishafa ber í hvívetna að fara að lögum í umgengi um nýtingarsvæðið og skal leitast við að tryggja að lagnir og önnur mannvirki verði lögð á þann hátt að sem minnstur skaði verði á náttúru landsins.

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum. Fyrirbyggja skal flóðahættu vegna mögulegs stíflurofs til að öryggi almennings sé ekki ógnað og til að forða tjóni. Leyfi þetta er einnig háð framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar, sbr. 13. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 123/2010 og byggingarleyfi Borgarbyggðar sbr. 9.gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.

Niðurlagning mannvirkis er háð samþykki Orkustofnunar, sbr. 79.gr. vatnalaga nr. 15/1923. Við niðurlagningu skal umhverfið fært eins og kostur er til fyrra horfs. Eigandi mannvirkis skal leggja áætlun um niðurlagningu fyrir Orkustofnun til samþykktar, þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig verkið verði framkvæmt. Orkustofnun getur sett þau skilyrði fyrir leyfi sem eru nauðsynleg til að koma í veg fyrir hættu eða tjón fyrir einstaklinga og almenning.

6. gr.

Eftirlit og upplýsinga- og tilkynningarskylda.

Orkustofnun hefur, samkvæmt VII. kafla raforkulaga, eftirlit með framkvæmd leyfis þessa. Orkustofnun getur krafðið leyfishafa um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur. Kostnaður af eftirliti Orkustofnunar, greiðist af leyfishafa Miðað er við virkt innra eftirlit leyfishafa og skil á gögnum til Orkustofnunar á stafrænu formi. Árlegt eftirlit Orkustofnunar er metið verða sem svarar til innan við 16 vinnustunda. Eftirlitskostnaður verður þó aðeins innheimtur á grundvelli skráðra vinnustunda og bókfærðs útlagðs kostnaðar. Komi til atvik, sem kalli á aukalegar eftirlitsaðgerðir Orkustofnunar, þá fari þær fram að höfðu samráði stofnunarinnar við leyfishafa, sem beri kostnað af þeim aðgerðum.

7. gr.

Endurskoðun virkjunarleyfis.

Orkustofnun er heimilt að endurskoða leyfi þetta hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega. Í samræmi við 4. mgr. 5. gr. raforkulaga er Orkustofnun heimilt að veita öðrum aðila leyfi til virkjunar sem nýtir sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Orkustofnun er heimilt að endurskoða ákvæði virkjunarleyfis með tilliti til þessa og bæta í það ákvæðum sem hún telur nauðsynleg til að tryggja heildarhagkvæmni í orkunýtingu vatnasviðsins eða jarðhitasvæðisins

8. gr.

Afturköllun.

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á, sbr. 9. mgr. 8. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga eða samningum sem tengjast leyfinu.

Verði Orkustofnun vör við brot leyfishafa á lögum, reglugerðum, ákvæðum leyfis þessa eða samningum sem tengjast því eða öðrum heimildum skal stofnunin þá veita leyfishafa skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur Orkustofnun þó afturkallað það án aðvörunar.

9. gr.

Önnur leyfi.

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Það undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í raforkulögum eða öðrum lögum sem starfsemin fellur undir.


Áður en framkvæmdir hefjast skulu önnur leyfi sem lög kveða á um liggja fyrir, svo sem framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, sbr. ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 og ákvæðum laga um mannvirki nr. 160/2010, leyfi Heilbrigðiseftirlits Borgarbyggðar skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 9 gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga nr. 61/2006, um lax og silungsveiði og leyfi Minjastofnunar Íslands ef óhjákvæmilegt reynist að hrófla við fornleifum skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

10. gr.

Leyfisgjald

Gjald fyrir virkjunarleyfi Urriðafellsvirkjun á Húsafelli er að fjárhæð kr. 110.000.- samkvæmt 33. gr. raforkulaga.

Reykjavík 24. maí 2017



Jónas Ketilsson
Staðgengill orkumálastjóra